



Þekkingarnet
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2022

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2023



mars 2023



mars 2023

Bekkingarnet Þingeyinga
Hafnarstétt 1-3, 640 Húsavík
www.hac.is

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Opið hús hjá FabLab Húsavík 2022

Opnun Stéttarinnarinnar 9. des 2022

Samningur Norðurþings við FabLab Húsavík undirritaður 2022

Háskólanemi við lestur á Stéttinni í des 2022

Myndataka: Hafþór Hreiðarsson og starfsfólk ÞÞ

Ábyrgð/ritstjórn

Óli Halldórsson

Umsjón:

Lilja B. Rögnvaldsdóttir

ISSN: 1670-813X

EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	1
Stjórn og starfsfólk	2
Starfssvæði	6
Húsnæði	7
Hraðið miðstöð nýsköpunar	10
Fab Lab Húsavík	12
Símenntunarsvið	13
Náms- og starfsráðgjöf	18
Háskólanámssvið	21
Rannsóknasvið	25
Starfsemin á Stéttinni	34

FRÁ FORSTÖÐUMANNI

STÉTTIN verður til

Árið 2022 einkenndist af mikilli gerjun hjá Þekkingarneti Þingeyinga og samstarfsstofnunum. Þekkingarnetið hefur um nokkurt skeið haft frumkvæði að uppbyggingu og eflingu þekkingarsamfélagsins á Húsavík. Í árslok 2022 urðu þau kærkomnu áfangaskil að STÉTTIN var opnuð í hjarta miðbæjarins á Húsavík. Heitið STÉTTIN vísar til sögulegrar málvenju sem nær yfir líflega atvinnustarfseminna á hafnarstéttinni. Við opnun í desember 2022 voru 32 heilsársstarfsmenn við störf á sviði rannsókna, fullorðinsfræðslu, háskólaþjónustu, þróunarvinnu og nýsköpun. Húseigandi er Langanes ehf, sem hefur séð um framkvæmdir og fjárfestingu alla og byggir verkefnið á samningum um langtímaleigu við stofnanirnar. Samstarfið hefur verið afar farsælt milli þessara ólíku aðila, annars vegar fjárfestis af einkamarkaði og hins vegar stofnunum í fjölbreytilegum verkefnum í almannajónustu.

Hraðið - miðstöð nýsköpunar

Hraðið - miðstöð nýsköpunar kláraði sitt fyrsta heila rekstrarár 2022. Starfsemin einkenndist af þróunarvinnu og útfærslu húsnæðis og mótun starfsemi. Hraðið er stærsti einstaki leigjandinn í hinu nýja þekkingarsamfélagi og munar ekki síst um það að auk frumkvöðlarýma í útleigu tilheyrir Hraðinu fullbúin Fab Lab-smíðja, þ.e. Fab Lab Húsavík. Við opnun hins nýja húsnæðis í árslok 2022 höfðu 10 fyrirtæki og einstaklingar haft samband og óskað eftir fastri vinnuáðstöðu til leigu á vegum Hraðsins. Á þeim tímamarki höfðu þó engar auglýsingar verði birtar, svo ljóst er að þörf var mikil fyrir aðstöðu af þessu tagi og viðtökur frammar vonum. Á komandi ári, 2023, er gert ráð fyrir að bæta enn við rýmum fyrir fleiri fyrirtæki og einstaklinga í skapandi verkefnum og ennfremur hefja auglýsingar og kynningu á þjónustu Hraðsins.

Mývatnssveit og Þórshöfn - efling þjónustu

Þekkingarnetið hefur um árabíl starfrækt mannaðar þjónustueiningar á Þórshöfn og í Mývatnssveit. Árið 2022 nýttist vel í þróunarvinnu sem miðaði að opnun nýrra starfsstöðva í bættri aðstöðu á Þórshöfn og í Mývatnssveit, í báðum tilvikum í nánú samstarfi við sveitarfélögin á þessum stöðum. Í Mývatnssveit færði Þekkingarnetið starfsstöð sína í árslok inn í Gíg við Skútustaði, þar sem stofnunin mun eiga samstarf við Þingeyjarsveit um utan-umhald og eflingu þekkingarstarfsemi. Frá hausti 2022 vann Þekkingarnetið að átaksverkefni með Langanesbyggð þar sem mótuð var starfsemi nýs þekkingar- og atvinnuklasa í húsnæði Langanes-byggðar miðlægt í Þórshafnarþorpi.



Fræðsla fullorðinna

Kjarnastarfsemi Þekkingarnetsins til langs tíma felst í rekstri símenntunarmiðstöðvar þar sem fyrirferðamest er vinna að fræðslu fullorðinna á grunni laga um framhalds-fræðslu. Áþekkir grunnpóstar eru oftast nær í þessari starfsemi milli ára en þó nokkuð svigrúm til að elta eftirspurn og þarfir hverju sinni. Á dreifbýlu starfssvæði Þekkingar-netsins reynist færanleg náms- og starfsráðgjöf og almennt samráð starfsfólks við atvinnulíf svæðisins og markhópin jafnan undirstaða starfsins, sem er svo þróað til að mæta þörfum og aðstæðum hverju sinni, t.a.m. með vottuðum námsleiðum og raunfærnimati.

Rannsóknir og háskólaþjónusta

Þekkingarnetið sinnir á eigin vegum fjölmörgum rannsóknaverkefnum ár hvert og veitir einnig háskólanemum úr mörgum skólum þjónustu og aðstöðu við sitt nám. Umfang alþjóðlegra rannsókna- og þróunar-verkefna hefur aukist verulega undanfarin ár og eru slík verkefni orðin fastur þáttur í rekstri og fjármögnun stofnunarinnar.

Árið 2022 var mikið breytingarár fyrir starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga, með tilkomu nýrra viðfangsefna og rekstri nýrra starfssviða. Bjartir tímar eru framundan.

Óli Halldórsson,
Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Starfsmannahald: Helstu tölur

Á árinu 2022 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls um 12,4 ársverk eins og taflan að neðan greinir frá. Þar af voru 13 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 9,9 stöðugildum/ársverkum. Einnig var nokkuð um tímabundin verkefni við námskeiðakennslu, eða alls 2,4 ársverk. Ástæða fráviks stöðugilda frá áætlun 2022 er sú að ekkert varð af átaksverkefni stjórnvalda um sumarstörf námsmanna eins og verið hafði sumrin 2020 og 2021. Fjöldi nemenda við störf hjá Þekkingarnetinu voru því einungis tveir sumarið 2022 en ellefu sumarið áður.

Starfsmannahald	Áætlun 2022	Niðurstaða 2022	Áætlun 2023
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	11,0	9,9	10,0
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2,5	2,4	2,5
Stöðugildi vegna þjónustusamninga	0,1	0,1	0,1
Alls stöðugildi	13,6	12,4	12,6

Stjórn og skipurit	2022	Áætlun 2023
Mannabreytingar í stjórn	Rannveig Björnsdóttir kom aftur inn í stjórn f.h. HA og nýr fulltrúi framhaldsskólanna kom inn þar sem Valgerður Gunnarsdóttir (FSH) tók við af Sigurbirni Árna Arngrímsyni (FL).	Ekki tókst að fá tilnefningu nýs fulltrúa frá Héraðsnefnd Þingeyinga á árinu og því er mikilvægt að af því verði strax í upphafi árs 2023. Aðrar breytingar á stjórn eru ekki fyrir séðar á árinu.

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá í árslok 2022

Óli Halldórsson

Forstöðumaður
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,
Framhaldsskólakennari



Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík



Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Mikley
MA og BA í myndlist, kennslufræði



Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi
MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf
Dipl. starfsendurhæfing



Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgangiðsla
Skólaritari frá VÍ



Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BEd kennari



Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
BEd kennari, MPA í opinb. stjórnsýslu



Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í félagsráðgjöf



Ingibjörg Benediksdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í nútímafræðum



Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafræði
Cand.Oecon Viðskiptafræði



Stefán Pétur Sólveigarson

Verkefnisstjóri Hraðsins
BA Vöruhönnun



Eftirtaldir starfsmenn voru á launaskrá hjá stofnuninni hluta úr ári 2022

Huld Hafliðadóttir

Sumarvinna á Húsavík
Kennsla og rannsóknir




Álfrún Marey Eyþórsdóttir

Sumarnemi á Þórshöfn
Loftslagsverkefnið LOFTUM



Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru fjögur og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í "teymisvinnu" fyrir hvert svið



Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Venjur hafa skapast á undanförunum árum um skiptingu fulltrúa framhaldsskóla á milli FL og FSH og einnig hafa sveitarfélög utan Norðurþings skipst á með fulltrúa sem tilnefndur er af Héraðsnefnd Þingeyinga. Nýir fulltrúar framhaldsskólanna komu inn í ár þar sem Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík kom í stað Sigurbjarnar Árna Arngrímssonar, skólameistara Framhaldsskólans á Laugum sem var fulltrúi skólanna síðustu tvö ár. Rannveig Björnsdóttir kom aftur í stjórn að loknu rannsóknarleyfi frá Háskólanum á Akureyri á árinu og Eyjólfur Guðmundsson, rektor hætti. Ekki tókst að fá tilnefningu Héraðsnefndar fyrir nýjan fulltrúa í stað Mirjam Blekkenhorst á árinu og því var stjórnin einungis mönnuð sjö stjórnarmönnum í lok árs 2022. Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2022 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)
Rannsóknastofnanir í Þingeyjarsýslum:	Margrét Hólm Valsdóttir (ritari)
Norðurþing:	Jón Höskuldsson
Samtök atv.rekenda í Þingeyjarsýslum:	Yngvi Ragnar Kristjánsson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	Valgerður Gunnarsdóttir
Háskóli Íslands:	Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Rannveig Björnsdóttir (varaformaður)
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Beðið eftir tilnefningu í árslok

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2022:

Aðalsteinn Árni Baldursson


Jón Höskuldsson

Margrét Hólm Valsdóttir

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu 2022.

STARFSSVÆÐI

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norð-austurhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Það er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Svæðið er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar eru umhverfis. Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almennings-samgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440km² eða 18% landsins. Rauðir punktar á mynd 2 sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði (Kiðagil, Laugar, Kópasker og Raufarhöfn).



Starfsstöðvar og þjónustustaðir Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið er aðili að Símennt (áður Kvasir) sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin sýnir starfssvæði þeirra ellefu símenntunarmiðstöðva sem eiga aðild að samtökunum. Þekkingarnetið rekur alls sjö þjónustustöðvar á Norðausturlandi (8.1–8.7).



1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

1.1. Reykjanesbær

2. Mímir-símenntun

2.1. Reykjavík – Höfðabakki

2.2. Reykjavík – Öldugata

3. Framvegis – miðstöð símenntunar

3.1. Reykjavík – Skeifan

4. Símenntun Vesturlands

4.1. Borgarnes

4.2. Akranes

4.3. Ólafsvík

4.4. Grundarfjörður

4.5. Stykkishólmur

4.6. Búðardalur

5. Fræðslumiðstöð Vestfjarða

5.1. Ísafjörður

5.2. Patreksfjörður

5.3. Hólmavík

6. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

6.1. Sauðárkrúkur

6.2. Hvammstangi

6.3. Blönduós

6.4. Skagaströnd

7. SÍMEY

7.1. Akureyri

7.2. Dalvík

7.3. Fjallabyggð

8. Þekkingarnet Þingeyinga

8.1. Húsavík

8.2. Þórshöfn

8.3. Raufarhöfn

8.4. Kópasker

8.5. Mývatnssveit

8.6. Laugar

8.7. Bárðardalur

9. Austurbú

9.1. Egilsstaðir

9.2. Reyðarfjörður

9.3. Neskaupstaður

9.4. Djúpvogur

9.5. Vopnafjörður

9.6. Seyðisfjörður

10. Fræðslunet Suðurlands

10.1. Selfoss

10.2. Hvoslvöllur

10.3. Vík

10.4. Höfn

10.5. Hella

10.6. Kirkjubæjarklaustur

10.7. Reykholt

11. Viska

11.1. Vestmannaeyjar

HÚSNÆÐI

Húsnæði ÞP Staðsetning	Hús	2022 Aðstaða	Markmið 2023
Húsavík	Stéttin, Hafnarstétt 1-3. Hús rannsókna, þekkingar og nýsköpunar. Skólahúsnæði og stakir salir. Frumkvöðlarými, FabLab,	Á árinu lauk framkvæmdum á Stéttinni, nýju 1.000m ² aðalhúsnæði ÞP sem opnaði formlega í desember. Þar hefur ÞP skrifstofuaðstöðu fyrir 10 starfsmenn, 28 aðrar starfsstöðvar fyrir frumkvöðla og störf án staðsetningar. lokaða skrifstofu, námsver, 3 kennslu- og fundarými, frumkvöðlarými og 5 næðsrými. Nýtt og fullbúið 100m ² Fablab er einnig í húsnæðinu. Kennslu og fyrirlestraadstaða er leigð í tímavís eftir þörfum.	Að Stéttin verði eftirsóttur vinnustaður með starfsstöðvum fyrir 30-40 manns á sviði þróunar, rannsókna, fræðslu og stoðkerfis atvinnulífsins undir einu þaki miðsvæðis á Húsavík. Þar verði aðstaða til kennslu, fyrirlestra, fundahalds, og fjarfunda. Einnig verði aðstaða til nýsköpunar og skapandi rýma (FabLab) handa nemendum, frumkvöðlum, fyrirtækjum og öðrum. Til verði framtíðarvettvangur þar sem öfl þekkingar-, rannsókna- og fræðslustofnana ásamt stoðkerfi atvinnulífsins verði leidd saman.
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1.	Um 200m ² húsnæði með skrifstofurými, námsveri, kennslurými og fjarfundaðstöðu	Að nýtt húsnæði þekkingar og þróunar opni að Fjarðarvegi 5 í samstarfi við Langanesbyggð. Þar verði miðstöð nýsköpunar og aðstaða fyrir frumkvöðla og störf án staðsetningar. Þar mun ÞP hafa skrifstofu- og fundaaðstöðu og aðstöðu fyrir nemendur.
Mývatnssveit	Hreppsskrifstofa/ þekkingarsetur	Um 200m ² húsnæði. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, fjarfundaaðstaða.	Að ÞP flytji í nýtt setur í húsnæði Hótel Gígs þar sem unnið er út frá sömu hugmyndafræði og markmiðum og hér er lýst að ofan fyrir Húsavík og Þórshöfn. Unnið verði að frekari útfærslu í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Þingeyjarsveit, Umhverfisstofnun og RAMÝ.
Laugar	Seigla, grunnskólahúsið á Laugum	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Námsver rekið áfram eftir eftirspurn og þörfum í samstarfi við Þingeyjarsveit og Seiglu-þekkingarsetur.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Bygðastofnunar og Norðurþings á svæðinu.
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Unnið verði að uppfærslu húsnæðis á Raufarhöfn í samstarfi við Norðurþing og SSNE þar sem áhersla verði lögð á góða og aðlaðandi aðstöðu til þekkingar-/þróunar-/mennta-/fjarvinnustöðvar.

Húsnæði og aðstaða

Á árinu urðu miklar breytingar á aðstöðu ÞP á Húsavík þegar nýtt og endurbætt húsnæði Stéttarinnar var opnað. Viðamiklar framkvæmdir höfðu staðið yfir á árinu og lauk þeim í desember 2022. Langanes ehf. er húsnæðiseigandi og fjárfestir í verkefninu á Stéttinni. Fyrirtækið er útgerðarfyrirtæki af svæðinu í eigu Bjarna Aðalgeirssonar og fjölskyldu. Húsnæðisverkefnið fól í sér nýtingu á húsinu Hafnarstétt 3, sem fyrir var í eigu Langaness ehf. auk fjárfestingar í neðri hæð nærliggjandi húss (Hafnarstétt 1/Hvalasafnhúsi) og nýbyggingu á milli þessara húsa. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar og framkvæmdir á þessum húsnæðiskosti sem unnar voru frá upphafi í nánu samstarfi notenda hússins og húseigenda og hans hönnuða og byggingameistara. Verkefnið byggir á langtímaleigusamningum milli Langaness ehf. og Þekkingarnets Þingeyinga og svo framleigusamningum við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem munu starfa á Stéttinni.




Forseti Íslands hringir Stéttina formlega inn
Mynd: Hafþór Hreiðarsson

Starfsemi hefst á Stéttinni

Fjölmennt var við opnun Stéttarinnar þann 9. desember og hátíðleg stund þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, opnaði húsnæðið formlega með því að hringja húsbjöllunni. Bjarni Aðalgeirsson afhenti táknrænan "lykil" að húsnæðinu við sama tækifæri. Frá þessum opunardegnum telst öll meginstarfsemi Stéttarinnar hafin. Yfir 30 starfsmenn starfa frá opunardegnum innan Stéttarinnar.

Þekkingarnet Þingeyinga og Hraðið-miðstöð nýsköpunar (að Fab Lab Húsavík meðtöldu) er fyrirferðamest stofnana á Stéttinni með um 60% húsnæðisrýmis til umráða, 9 fasta starfsmenn og að auki frumkvöðla og einstaklinga í aðstöðuleigu frá um 10 fyrirtækjum. Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt. Myndband frá opnuninni má sjá [hér](#).



Nýtt þekkingarsetur á Þórshöfn

Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið var upphaflega stofnsett að frumkvæði Þekkingarnets Þingeyinga sem samstarfsverkefni Þekkingarnetsins, Langanesbyggðar og Framhaldsskólans á Laugum en hefur verið rekið frá árinu 2020 af tveimur fyrirtöldu aðilunum. Þekkingarnetið var árinu 2022 með einn starfsmann í Menntasetrinu á Þórshöfn. Sama ár urðu breytingar innanhúss þar sem húseigandi sagði m.a. upp leigusamningum við nokkra aðila og breytingar urðu á aðstöðu Þekkingarnetsins. Þá leitaði sveitarfélagið Langanesbyggð til Þekkingarnetsins um samstarf við uppbyggingu nýs seturs þróunar og þekkingar í húsnæði sveitarfélagsins að Fjarðarvegi 5 á Þórshöfn (fyrrum húsnæði Landsbankans). Mikil vinna fór af stað seinnihluta ársins 2022 þar sem unnið var að þarfagreiningu og gerð framkvæmdaáætlunar. Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun og reiknað er með að þar opni nýtt setur í mars 2023 með aðstöðu til kennslu og prófatöku auk vinnuástöðu starfsmanns og háskólanema.

Ný aðstaða í Mývatnssveit

Í Mývatnssveit hefur frá árinu 2018 verið mönnuð starfsstöð hjá Þekkingarnetinu með sólarhringsaðgang að námsveri í þekkingarsetrinu Mikley að Hlíðarvegi 6 í Reykjahlíð. Í Mývatnssveit hafa einnig átt sér stað viðræður milli Þekkingarnetsins og Þingeyjarsveitar um breytingar á húsnæði. Ákveðið var að starfsemi Þekkingarnetsins færðist yfir í glæsilega aðstöðu í Gíg við Skútustaði þar sem Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarður hafa unnið að gerð gestastofu og þekkingarseturs. Þekkingarnetið vann að þessu í samstarfi við Þingeyjarsveit á árinu 2022 og mun starfsstöðin verða flutt í ársbyrjun 2023 þar sem mynduð verður starfsstöð fleiri aðila á þekkingarsviði.

Raufarhöfn, Kópasker, Laugar

Eins og undanfarin ár býður Þekkingarnetið þjónustu á Raufarhöfn, Kópaskeri og Laugum í Reykjadal. Á þessum starfsstöðvum er ekki um fast starfsfólk að ræða heldur er þjónusta veitt eftir þörfum, t.d. fyrir háskólanema, til fjarprófa og námskeiðahalds. Samstarf er við sveitarfélögin um aðstöðu námsveranna. Á árinu 2023 stefnir Þekkingarnetið að því að eiga samtalið við sveitarfélögin, Þingeyjarsveit og Norðurþing um þróun og eflingu aðstöðunnar, m.a. með það í huga að skapa aukin tækifæri fyrir störf án staðsetningar.

Hraðið miðstöð nýsköpunar opnaði á árinu í glæsilegri aðstöðu Stéttarinnar. Þar er nú heimavöllur frumkvöðla, stofnana og fyrirtækja sem vinna að nýsköpun með einum eða öðrum hætti. Þekkingarnetið hefur í nokkur ár unnið að undirbúningi miðstöðvarinnar og í lok árs 2021 hlaut verkefnið stuðning frá Háskóla, vísinda og nýsköpunarráðuneytingu og úr stefnumótandi byggðaáætlun til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (C1). Það gerði það að verkum að hægt var að ráða verkefnisstjóra og fjármagna fyrstu skref þessa verkefnis. Óhætt er að segja að verkefnið hafi gengið að óskum og í Hraðinu býðst nú vinnuaðstaða fyrir frumkvöðla með skrifborði, nettengingu, næðisrymum, prentun, skönnun, fundarymum, kaffistofu, aðgengi að Fab Labi ofl. Mikið er lagt upp úr notalegri aðstöðu með hækkanlegum vinnuborðum, sófahornum og sameiginlegu kaffirými þar sem hægt er að setjast og ræða hugmyndir og útfærslu þeirra. Alls eru í boði þrettán langtíma starfsstöðvar sem leigðar til eins mánaðar í senn. Þar hafa frumkvöðlar fasta starfsstöð sem aðrir hafa ekki aðgengi að. Að auki eru í boði fimmtán "flex" starfsstöðvar sem eru leigðar út eftir þörfum hverju sinni. Í Hraðinu er einnig boðið upp á hópinnurými fyrir frumkvöðla. Þar geta 16 manns setið við borð en sæti eru annars til fyrir allt að 30 manns. Auðvelt er að bregðast við aukinni eftirspurn með fjölgun flex borða.



Frumkvöðlarými

Í boði er vinnuaðstaða fyrir frumkvöðla þar sem hægt er að leigja aðstöðu til lengri eða skemmri tíma. Einnig aðstaða fyrir störf án staðsetningar.



Fab Lab Húsavík

Fullbúin tæknismiðja skapar tækifæri til að þjálfa sköpunar-gáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni.



Skapandi samfélag

Hraðið er hluti af stærra samfélagi þekkingar og atvinnulífs. Þar eru undir sama þaki háskóli, frumkvöðlar, símenntunarmiðstöð, vísindafólk, náttúrustofa og stoðkerfi atvinnulífsins



Stúdíó

Í miðstöðinni er sérútbúið stúdíó fyrir hljóð- og myndupptökur með tæknibúnaði og grænskjá. Tilvalið fyrir hlaðvarpsgerð og videoupptökur.



Fundaraðstaða

Fjölbreytt fundaraðstaða, allt frá eins manns næðisrymum upp í 20 manna fundarsali.



Kennslurými

Aðgengi er að kennslurými með nauðsynlegum tækjabúnaði og húsgögum fyrir allt að 20 manns.

Hraðið hefur markvisst unnið að því að tengja saman rannsókn- og þekkingarsamfélagið við atvinnulífið. Fjölmargar kynningar hafa verið haldnar fyrir fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir þar sem hópum hefur verið boðið í Hraðið og þeim kynnt sérstaklega vinnuaðstaða og umhverfi auk þess sem þau hafa fengið kynningu á Fab Labinu. Einnig hafa komið hópar frá nýsköpunarfyrirtækjum og háskólum sem hafa nýtt sér aðstöðuna og blandast starfsfólkinu á Stéttinni. Hraðið stendur auk þess fyrir verkefnum og viðburðum sem vekja athygli á nýsköpun og hvetja til frumkvöðlastarfs. Fjölmargir hópar nemenda og starfsmanna fyrirtækja og stofnana hafa því heimsótt Hraðið og FabLabið á árinu í þeim tilgangi.

Mikil aðsókn hefur verið í aðstöðuna og nú þegar hafa verið stofnaðar 10 áskriftir fyrir fasta aðstöðu og 12 áskriftir fyrir þá sem vilja nýta sér laus borð hverju sinni. Á árinu 2023 verður áhersla lögð á að kynna aðstöðuna og starfsemiina með það að markmiði að fullnýta aðstöðuna og búa til skapandi og líflegt samfélag. Til þess hefur fengist styrkjur úr Uppbyggingarsjóði og úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka.

Nánari upplýsingar um Hraðið og starfsemi þess má finna í [ársskýrslu Hraðsins](#) og [kynningarmyndbandi](#).



Fab Lab Húsavík starfar samkvæmt samningi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing. Árið 2022 var fyrsta starfsár þess og því mikil áhersla lögð á kynningarstarf. Rúmlega 500 gestir heimsóttu Fab Labið á árinu á sérstökum kynningum sem haldnar voru fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Auk þess fór fram fjölbreytt þjálfun og kennsla fyrir nemendur allra skólastiga á árinu. Megináhersla Fab Lab Húsavík í fræðslu á árinu var að þjálfa kennara í notkun tækjabúnaðar til að nota í kennslu. Samstarf við skólana gekk vel og stefnt er að áframhaldandi áherslu á að kenna grunnnámskeið í tvívíðri og þrívíðri teiknun, vínýl- og laservéla notkun og stafrænni hönnun. Þjálfunin miðar að því að skapa samkeppnishæfara samfélag með því að efla færni íbúa í notkun stafrænnar framleiðslutækni og stuðla að nýsköpun.

Áfram verður áhersla lögð á kynningu Fab Labsins enda er markmið þess að þjónusta smiðjunnar nýtist sem flestum. Auk samstarfsins við skólana verða sérstök námskeið haldin fyrir frumkvöðla, einstaklinga og atvinnulífið á næsta ári. Verkefnisstjóri Fab Lab Húsavík er Stefán Pétur Sólveigarson og honum til aðstoðar er Huld Hafliðadóttir. Frekari upplýsingar má finna í [ársskýrslu Fab Lab Húsavík](#).



SÍMENNTUNARSVIÐ

Símenntun: Helstu tölur

Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2022	Niðurstaða 2022	Áætlun 2023
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	70	69	70
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA)	8	14	10
Fjöldi kenndra stunda	2.200	2.056	2.200
Fjöldi kenndra nemendastunda	25.000	21.201	25.000
Þátttakendur	1.000	775	1.000

Áherslur í námi

Áherslur ársins 2022 voru svipaðar og síðustu ár. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan fyrirliggjandi fjárhagsramma. Það gekk eftir og í raun voru kenndar mun fleiri námsleiðir en áætlað var. Styttri námskeið, bæði starfstengd og tómstunda fengu sitt pláss sem og námskeið fyrir nemendur með fatlanir í gegnum samning við Fjölmenn og svo íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa. Í upphafi árs var gerður samningur við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um kennslu í tæknilæsi fyrir fólk 60 ára og eldra. Samningurinn kvað á um að haldin yrðu 26, átta klukkustunda námskeið. Þekkingarnetið réð SÍMEY sem undirverktaka í verkefninu og námskeiðin 26 voru haldin á starfssvæði stofnananna tveggja. Í desember lauk verkefninu og voru alls 12 námskeið haldin á starfssvæði Þekkingarnetsins í Þingeyjarsveit, Mývatnssveit, Kópaskeri, Raufarhöfn, Húsavík og Þórshöfn.


Önnur námskeið sem haldin voru á vegum Þekkingarnetsins dreifðust um allt starfssvæðið. Þó svo að sum námskeiðin í dreifðari byggðum hafi verið fámenn og ekki borið sig fjárhagslega voru þau samt haldin því eitt af markmiðum Þekkingarnetsins er að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem angar menntakerfisins ná síður til. Ýmis fræðsla til fyrirtækja var fyrirferðamikil á árinu, bæði í gegnum fræðsluáætlanir sem unnar hafa verið af starfsfólki Þekkingarnetsins fyrir ákveðin fyrirtæki og eins tilfallandi námskeið. PCC Bakki og HSN voru þau fyrirtæki sem sóttu flest starfstengd námskeið hjá Þekkingarnetinu á síðasta ári.

Eins og undanfarin ár er stuðst við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem áhugavert væri að halda á svæðinu. Þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið og örlítið minni áhersla hefur verið sett á tómstundanámskeiðin, þó svo að alltaf sé brugðist við ef upp koma óskir um ákveðin námskeið.

Árið 2022 voru námskeiðin í tæknilæsi fyrirferðamest þegar kemur að tómstundanámskeiðum en einnig voru haldin pýlsugerðarnámskeið, frísbíggjónámskeið og jólasmiðjur til að nefna dæmi.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir í verkefni sem kallast Fræðslustjóri að láni. Ráðgjafar PÞ hafa þá haft samráð við stjórnendur og lagt fræðslugreiningar fyrir starfsmenn til að greina fræðsluþarfir starfsmannanna persónulega sem og fyrirtækisins. Eftir að unnið hefur verið úr fræðslugreiningunum er gerð fræðsluáætlun. Slík verkefni standa að öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að fjórum árum frá því greiningin fer fram og þar til síðasta námskeiði fræðsluáætlunar lýkur. Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein heild í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir starfsmanna og í kjölfarið var útbúin þriggja ára fræðsluáætlun. Árið 2022 var sjöunda árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra. Á árinu 2022 stýrði Þekkingarnetið einnig tveimur öðrum stórum fræðsluþjónustu verkefnum. Sveitarfélögin Norðurþing, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur gerðu samning við fræðslusjóðinn Sveitamennt um verkefnið Fræðslustjóri að láni fyrir grunn- og leikskóla sveitarfélaganna. Allir grunn- og leikskólar sveitarfélaganna taka þátt eða alls 12 skólar og um 125 starfsmenn. Einnig var gerð fræðslugreining hjá PCC Bakka Silicon þar sem starfa um 150 starfsmenn og gerður var samningur við Landsmennt um að fjármagna það verkefni.

Árið 2022 flokkuðust flest námskeið sem haldin voru hjá stofnuninni undir fyrirtækjafraeðslu og tómstundanámskeið. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga voru einnig mjög vinsæl á árinu enda hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna aukist mjög á svæðinu og er nú nokkuð yfir landsmeðaltali. Hér að neðan má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2022. Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst kemur réttindanáms og svo íslenskunámskeið fyrir útlendinga.




Skipting námskeiða 2022

Skipting nemendastunda eftir námskeiðum 2022

Námsleiðir FA

Á árinu 2022 voru eftirfarandi námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins kenndar hjá ÞÞ.

- Stuðningsfulltrúi/Leikskólaliði - brú - er tveggja ára brúarleidd samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á haustönn 2020 og lauk á vorönn 2022. Tuttugu og þrír nemendur hófu nám á námsleiðinni og því fór kennslan fram í tveimur hópum. Kennsla fór að mestu fram í fjarnámi á kennsluvef Innu en kennarar hittu nemendur einnig í staðlotum sem fram fóru á Húsavík.
- Líf og heilsa – Lífstílsþjálfun - er 300 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til 15 framhaldsskólalæinga. Námið er ætlað fólki sem vill taka ábyrgð á eigin heilsu og bæta hana. Þrettán konur eru skráðar í námið, sem kennt er í staðnámi. Námsleiðin klárast á vorönn 2023.
- Uppleið – Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð er 40 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í daglegu lífi. Einn karlmaður og 8 konur sátu námsleiðina sem kennd var í staðnámi.



Dögg Stefánsdóttir, við kennslu í Líf og heilsu

Námsleiðir FA í samstarfi við Vinnumálastofnun

Mikið og gott samstarf var við Vinnumálastofnun á árinu þar sem atvinnuleitendum bauðst að nýta sér þjónustu ÞÞ. Eftirspurn eftir þjónustu getur verið einstaklingsbundin, en náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og námsleiðir hafa staðið atvinnuleitendum til boða á árinu sem og önnur námskeið. Þær námsleiðir sem kenndar voru á árinu í samstarfi við Vinnumálastofnun voru:

- Uppleið – Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð
- Stökkpallur - Nám um bættu starfshæfni
- Tæknilæsi og tölvufærni - Vinnuumhverfi samtímans.

Mikil aðsókn var í þessar námsleiðir og kenndum við Stökkpall fyrir þrjá hópa, Uppleið fyrir sex hópa og einn hópur fór í Tæknilæsi. Samstarfið við Vinnumálastofnun gekk mjög vel og stefnt er á áframhaldandi samstarf árið 2023.



Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Símennt, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum ÞÞ er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið. Nýlega voru stofnuð samtök þessara þekkingarsetra um landið, undir heitinu Samtök Þekkingarsetra. Þeim er ætlað að vera málsvari þessara stofnana og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra. Töluverð og vaxandi samvinna er á milli einstakra þekkingarsetra, og hefur Þekkingarnetið undanfarin ár unnið rannsóknaverkefni með öðrum setrum.

Árið 2021 skipuðu Samtök þekkingarsetra þriggja manna gæðanefnd til að vinna gæðastefnu fyrir samtökin til innleiðingar í starf þekkingarsetrana. Þekkingarnetið átti fulltrúa í gæðanefndinni. Undir lok árs 2022 hafði nefndin um það bil lokið sínum verkefnum, með gæðastefnu, gæðaviðmiðum og gæðamati sem þá áttu eftir að fara í umræðu innan stjórnar og forstöðumanna þekkingarsetrana sem eru innan Samtaka þekkingarsetra.

Á símenntunarsviðinu er í gildi frá árinu 2020 gæðavottun gæðavottunarkerfisins EQM+. Vottunin gildir til ársins 2023. Í nóvember 2022 fór Þekkingarnetið í úttekt til að fá áframhaldandi gæðavottun. Úttektin kom mjög vel út og stóðst Þekkingarnetið hana með glans. Þessi gæðavinna byggir á þróunarvinnu í símenntunargeiranum á Íslandi, en Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um. Gæðavottunin, sem tekið hefur breytingum og heitir nú EQM+, nær til fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Í kjölfar upphaflegu vottunarinnar árið 2012 fékk stofnunin viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Á árinu 2021 var sótt um endurnýjun á viðurkenningu fræðsluaðila til Menntamálastofnunar, m.a. á grunni þessarar gæðavottunar.



EQM+


NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2022	Niðurstaða 2022	Áætlun 2023
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala	530	651	600

Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga síðan 2006. Guðrún Helga Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur umsjón með ráðgjöfinni og sinnir henni að mestu leyti. Árið 2022 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 651. Alls komu 525 í fyrsta viðtal og 126 komu í endurkomuviðtöl. Fjöldi viðtala var töluvert hærra árið 2022 en árið áður þegar þau voru 448. Aukning viðtala kom að miklu leyti til vegna viðbótarúthlutunar til ráðgjafar á árinu.

Ástæður viðtala voru mismunandi eins og gengur og gerist. Flestir komu að eigin frumkvæði eða 74%, 17% komu í viðtal eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun, 2% voru boðaðir í viðtal vegna Vinnumálastofnunar. Um 7% viðtala voru af öðrum ástæðum, s.s. tilvísun frá Virk endurhæfingasjóði, færnimöppugerð, færnimöppugerð vegna raunfærnimats, eftirfylgni vegna raunfærnimats, skimun í raunfærnimat og stuðningur í matssamtali.



Kynningar á vinnustöðum

Kynningar á vinnustöðum hafa verið ein þeirra leiða sem hafa virkað hvað best síðustu ár til að ná til markhópsins á vinnumarkaði. Í gegnum tíðina hafa kynningar verið með formlegu sniði þar sem oftast hefur verið haft samband við fyrirtæki með kynningarbréfi þó aðeins hafi dregið úr því síðustu ár og formlegheitin verið minni. Í auknum mæli erum við farin að mæta á staðina þar sem við tölum við yfirmenn og fáum að spjalla við starfsfólk. Í framhaldi af kynningum hafa margir óskað eftir viðtali strax og hafa stjórnendur í einhverjum tilvikum lánað okkur skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjunum. Algengara hefur þó verið að pantaður sé tími hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Þessi leið hefur virkað vel fyrir Þekkingarnetið og höfum við því talsvert þurft að breyta okkar vinnulagi varðandi kynningar á vinnustöðum eftir Covid-19 vegna samkomutakmarkana. Árið 2022 voru engar samkomutakmarkanir og því var aukning í kynningum á vinnustöðum sem birtist vel í fjölda viðtala í kjölfar kynningar í fyrirtæki eða stofnun. Árið 2021 voru það 5 viðtöl en árið 2022 voru það 111 viðtöl. Má því segja að afleiðingar Covid-19 séu ekki lengur að hafa mikil áhrif á ráðgjöfina. Þó er enn aðeins sótt í fjarráðgjöf, sem var 24% viðtala árið 2022 en 52% árið áður.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf var sinnt víða um svæðið þar sem lögð er áhersla á að fólk geti sótt ráðgjöf sem næst heimili sínu. Ráðgjöfin hefur heilt yfir gengið vel á árinu og mikil ásókn verið í hana. Vel hefur gengið að ná til einstaklinga og eftirspurn aukist, m.a. í raunfærnimat og þá sérstaklega í þjónustugreinum. Ýmsar leiðir hafa verið notaðar til að ná til notenda og heilt yfir hefur gengið vel að ná til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Árið 2022 var lögð áhersla á sýnileika á samfélagsmiðlum. Þekkingarnetið hefur verið virkt í að auglýsa náms- og starfsráðgjöf á samfélagsmiðlum og á heimasíðu, auk þess að auglýsa á öðrum rafrænum miðlum. Á haustönn var tekin ákvörðun um að auka töluvert auglýsingar í prentuðum miðlum sem eru á starfssvæði Þekkingarnetsins. Það hefur að okkar mati borið árangur og aukið sýnileika Þekkingarnetsins enn frekar.

Við ráðgjöf hefur verið lögð mikil áhersla á að hafa feril ráðgjafarinnar sem þægilegastan fyrir notendur. Hægt er að leita til stofnunarinnar með því að hafa samband í síma, tölvupósti, á heimasíðu Þekkingarnetsins, facebook og Instagram. Í einhverjum tilvikum koma ráðþegar fyrirvaralaust og reynum við að sinna þeim eins og við getum hverju sinni.

Á árinu höfum við töluvert verið að vinna með atvinnuleitendum eigum gott samstarf við bæði Vinnumálastofnun og Virk í ráðgjöf sem og í öðrum úrræðum.

Raunfærnimat

Síðustu ár hefur framboð raunfærnimats aukist hjá Þekkingarnetinu og árið 2022 voru nokkur verkefni í gangi. Mest hefur verið sótt í raunfærnimat í þjónustugreinum, þ.e. raunfærnimat til félagsliða, leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsmála- og tómstundaliða. Raunfærnimat í félagsmála og tómstundaliða var metið í fyrsta skipti hjá Þekkingarnetinu árið 2022. Á árinu var einnig hafinn undirbúningur fyrir raunfærnimat sem ætlað er fyrir starf í íþróttahúsi og sundlaugavörslu. Sú vinna mun halda áfram 2023.

Flestir einstaklingar sem fara í raunfærnimat hjá okkur halda áfram á námsleið hjá Þekkingarnetinu ef verið er að kenna hana á þeim tíma. Það eru þó ekki allar námsleiðir í boði hverju sinni. Þegar svo ber við er einstaklingum boðin náms- og starfsráðgjöf þar sem ráðgjafi aðstoðar við að finna viðeigandi námsleið annarsstaðar sem hentar viðkomandi að taka.



HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Háskólabjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2022	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2023
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið í nýju húsnæði að Hafnarstétt 1-3. Þar verði hefðbundið námsver með lesbásam og aðgengi að prentara, ljósritara og skanna. Einnig verði boðið upp á lesaðstöðu í sameiginlegu rými þar sem setið er við vinnustöð í kaffirými hússins í nýrri tengibyggingu. Þar verði auk þess hægt að vinna einn eða í hópum í þægilegum sófahornum á nokkrum stöðum um húsnæðið. Eins og áður verði í boði náms- og starfsráðgjöf auk tækniástoðar.	Já	Aðstaða háskólanema var bætt til muna á árinu þar sem þeir fengu aðgang að opnum rýmum í nýrri tengibyggingu til viðbótar við námsverið. Að öðru leyti er þjónustan með svipuðum hætti, sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið á Stéttinni með sama hætti og sömu þjónustu og var í árslok 2022. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Þar verði auk þess hægt að vinna einn eða í hópum í þægilegum sófahornum á nokkrum stöðum um húsnæðið. Eins og áður verði í boði náms- og starfsráðgjöf auk tækniástoðar.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Á árinu verði unnið að undirbúningi þess að flytja starfsemi Menntasetursins í nýtt húsnæði að Fjarðavegi 5 í samstarfi við Langaneshbyggð. Auk þess verði unnið með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.	Já	Sólarhringsaðgangur, tækniástoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Starfsmaður í 60% starfshlutfalli. Enginn nemandi var við nám í framhaldsdeild FL á árinu.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði rekin í nýju og glæsilegu húsnæði Kistunnar að Fjarðavegi 5 á Þórshöfn. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði með hlutaðeigandi að nýjum leiðum við þjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði. Áfram verði áhersla lögð á góða þjónustu og náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði áfram að nýjum húsnæðismöguleikum í Hótel Gíg á árinu.	Já	Sólarhringsaðgengi og starfsmaður í 60% starfshlutfalli á staðnum.	Starfsemi námsversins verðin rekin í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Gíg við Skútustaði. Þar verði sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Jafnframt verði góð þjónusta við náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi og þjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn lítil á árinu og framboð að sama skapi.	Unnið verði að nýrri lausn í samstarfi við sveitarfélagið og SSNE um aðstöðu í grunnskólanum á Raufarhöfn. Þar verði útbúin aðstaða fyrir háskólanema í sameiginlegu rými með SSNE og fleirum. Áfram boðið upp á náms- og starfsráðgjöf.

	Markmið 2022	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2023
Námsver - þjónusta og aðstaða	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Framboð námskeiða	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.	Já	Aðstaða er til staðar í Seiglu en lítil eftirspurn á árinu	Starfsemi og þjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu þjónustu.
	Aðstaða í Kiðagili, Bárðardal verði með sama hætti og áður. Aðstaðan býður upp á próftöku og námskeiðshald.	Já	Aðstaða er til staðar en lítil eftirspurn á árinu	Ákveðið verði í samráði við Þingeyjarsveit hvort og hvernig námsþjónusta verði háttáð í Kiðgili.
Námsráðgjöf	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati.	Já	Náms- og starfsráðgjöf gekk vel og var nokkuð umfangsmikil árið 2022.	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega náms- og starfsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati. Þjóða áfram upp á fjarþjónustu í náms- og starfsráðgjöf.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.	Já	Fjarprófaþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum þjónustustöðum ÞÞ. Talsverð fjölgun var á milli ára.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.
Háskólanám	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.	Já	Virkt samstarf var við önnur þekkingarsetur í gegnum Samtök þekkingarsetra. Ekki var þó gengið frá formlegum samstarfs-samningum á árinu.	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.
Fjarfundabúnaður	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Áfram unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.	Að hluta	Nokkuð var um að fyrirtæki nýttu sér aðstöðu ÞÞ til fjarfunda á árinu. Ekki var þó unnið formlega að bættu vinnulagi fjarfunda milli stofnana og sveitarfélaga á árinu.	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.

Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsagðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2022 bauð Þekkingarnetið vinnuáðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í Mývatnssveit. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuáðstaða með samkomulagi hverju sinni. Framhaldsdeild Framhaldsskólans á Laugum var ekki starfrækt árið 2022 í Menntasetrinu á Þórshöfn og mun Þekkingarnetið leitast við að eiga samstarf um viðbrögð við þeirri stöðu á árinu 2023.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar.

Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að lengja dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð. Líkt og síðustu ár hefur náms- og starfsráðgjöf staðið háskólanemum til boða.




Háskólanemi í opnu rými tengibyggingar

Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin 248 fjarpróf á fjórum stöðum í héraðinu frá alls 14 stofnunum 2022 á vegum Þekkingarnetsins. Er það fjölgun úr 209 prófum árið áður.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt á heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófaþjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófaáhersla í boði á sjö stöðum í héraðinu.



Fjöldi fjarprófa á vegum Þekkingarnetsins árið 2022

RANNSÓKNASVIÐ

Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2022	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2023
Starfsmannahald	Áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Verkferlum og gæðastefnu viðhaldið og uppfært eftir þörfum. Sumarnemum sem og öðru starfsfólki komið vel inn í þessa ferla	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinntu bæði símenntunar- og rannsóknasviði. Gæðastefna unnin í samstarfi við Samtök Þekkingarsetra	Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.
Rannsóknaverkefni háskólanema	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Aðstaða er fyrir allt að 20 nema á starfsstöðvum Þekkingarnetsins.	Já	ÞÞ hafði umsjón með verkefnum tveggja háskólanema sumarið 2022.	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Aðstaða er fyrir allt að 20 nema á starfsstöðvum Þekkingarnetsins.
Innlend rannsóknar-/ráðgjafaverkefni	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsóknar- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.	Já	Samningur við Landsvirkjun um vinnu við Sjálfbærni-verkefnið hélt áfram og vinna við verkefnið var nokkuð stöðug allt árið. Árleg skýrsla um mannfjölda-þróun var gefin út. Einnig samantekt helstu hagtalna í Þingeyjarsýslum undanfarin ár. Líkt og undanfarin fjögur ár átti ÞÞ samstarf við Skútustaðahrepp um mælingar og greiningu á hamingju og líðan íbúa. Ráðstefnurit fjórðu alþjóðlegu jarðskjálftaráðstefnunnar NorthQuake 2022 var tekið saman og gefið út. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsóknar- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.

	Markmið 2022	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2023
Erlend verkefni	Lögð áhersla á erlend samstarfsverkefni, enda víkka þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Verkefni og afurðir Evrópusamstarfs verði svo notuð í meira mæli til fræðslu og uppbyggingar á starfssvæði ÞP á árinu 2022. Haldin verði rafræn málþing og kynningar þessu tengt, m.a. á sviði frumkvöðlafærni og í tæknilæsi.	Já	Evrópuverkefni Þekkingarnetsins voru alls fimm talsins á árinu. Að auki fékkst endurúthlutun í KA1 sem styrkt er af Erasmus+ og NORA verkefni þar sem Þekkingarnetið sér bæði um formlega og óformlega fræðslu. Meginfókus flestra verkefnanna eru í samræmi við stefnu og starfsemi Þekkingarnetsins. Er þar m.a. um að ræða þróun kennsluefnis í tæknilæsi fyrir eldri borgara og kennslu í stafrænni hæfni og færni samfélaga á landsbyggðinni. Einnig sjálfbærni í frumkvöðlastarfi og varðveislu óáþreifanlegs menningararfs í frumkvöðlastarfi.	Lögð verði áhersla á erlend samstarfsverkefni, enda víkki þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Verkefni og afurðir Evrópusamstarfs verði svo notuð í meira mæli til fræðslu og uppbyggingar á starfssvæði ÞP.
Samstarf / rannsóknir og þróun	Áhersla verði lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Hraðið verði miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar og FabLab Húsavík setji upp skipulagða dagskrá fyrir skóla, atvinnulífið, frumkvöðla og almenning. Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.	Já	Unnið var markvisst að þessum þætti á árinu. Á Húsavík opnaði nýtt og glæsilegt húsnæði, Stéttin, þar sem skapast hefur suðupottur nýsköpunar og samstarfs- vettvangur þeirra rannsóknastofnana sem þar eru til húsa. Í Mývatnssveit fór fram undirbúningsvinna sem fól í sér að koma ÞP undir sama þak og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnun, RAMÝ og Skútustaðahreppur í Gíg. Á Þórshöfn fór af stað samstarf við Langanesbyggð um að koma á laggirnar frumkvöðlasetri að Fjarðarvegi 5 sem mun opna 2023. Fyrsta starfsár Hraðsins gekk að óskum þar sem stofnað hefur verið til fjölda leiguáskrifta auk þess sem góð virkni var í notkun Fab Labsins og frumkvöðlasetursins.	Áhersla verði áfram lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Unnið verði náið með samstarfsaðilum um miðlun þekkingar og þróunar s.s. með ráðstefnum, hakaþonum, hröðlum og fleiru slíku. Hraðið verði miðstöð þar sem góðar hugmyndir njóti öflugs stuðningskerfis og stuðlað verði að framgangi þeirra í tækni- og vísindageiranum sem og atvinnulífinu.

	Markmið 2022	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2023
Upplýsingasöfnun í héraðinu	Árlegri útgáfu á grunn-upplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞÞ verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivísa í sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar.	Já	Árleg skýrsla um þróun mannfjöldans í Þingeyjar-sýslum var gefin út. Einnig fór fram viðamikil upplýsingasöfnun í gegnum sjálfbærni-verkefnið. Samantekt helstu hagtalna í Þingeyjarsýslum var gefin út á árinu.	Lögð verði áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðaþróun á starfssvæðinu. Þróa nýjar leiðir sem tæknin býður upp á hverju sinni til að miðla og kynna efni.
Kynningamál	Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.	Já	Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni voru kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu ÞÞ. Þekkingarnetið stóð fyrir rafrænu málþingi í febrúar um rannsóknir í héraði.	Lögð verði áfram áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.

Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Rannsóknþjónusta; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstaða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins.
- Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna starfsfólks Þekkingarnetsins.
- Rannsóknaverkefni sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni í samstarfi við aðrar stofnanir.
- Þátttaka í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum.

Þekkingarnetið sinnir þessu hlutverki með ýmsum hætti. Til að mynda hýsir það rannsakendur og aðstoðar þá sem sinna rannsóknum á svæðinu. Er það gert með því að veita þeim aðgang að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).

Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins 2022

Þekkingarnetið hefur einnig ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Helstu verkefni ársins 2022 voru eftirfarandi:

Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum

Líkt og fyrri ár kom út skýrsla um mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum. Markmið verkefnisins er að fylgjast með byggðapróun, hvernig íbúar í Þingeyjarsýslum skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Að þessu sinni náði skýrslan yfir árin 2013-2022 að auki var sérstaklega skoðaður flutningur íbúa að og frá svæðinu.

Þingeyjarsýslur í tölum

Út kom skýrsla með helstu hagtölum í Þingeyjarsýslum sem gefa stöðumynd af þróun ýmissa þátta í samfélaginu undanfarin 10-20 ár. Þar má t.d. nefna þróun atvinnuleysis, fjölda grunnskólabarna, íbúa, gistinátta, hvalaskoðunarfarþega o.s.frv. Ferðþjónustunni var gefinn sérstakur gaumur í skýrslunni og athyglisvert var að sjá áhrif heimsfaraldursins á þessa atvinnugrein.

ÚTSELD RANNSÓKNA- OG RÁÐGJAFAVINNA

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni- og umhverfisverkefnum á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun en einnig var nokkuð um smærri verkefni sem Þekkingarnetið hafði aðkomu að.

Sjálfbærni- og umhverfisverkefnið á Norðausturlandi

Innan vöktunarverkefnisins Gaums er fylgst með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til og með Tjörneshreppi í austri. Þekkingarnetið fer með verkefnisstjórn en það felur í sér öflun gagna, úrvinnslu þeirra og að gera þau aðgengileg. Frá árinu 2019 hefur vefsíða verkefnisins www.gaumur.is verið opin en þar eru gögnin birt bæði á myndrænu formi og í skjölum sem notendur geta unnið áfram eftir þörfum og áhuga. Innan verkefnisins starfar stýrihópur sem í eru fulltrúar Landsvirkjunar, Landsnets, PCC BakkiSilicon, Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, Norðurþings, Þingeyjarsveitar og úr ferðaþjónustunni. Stýrihópurinn kemur saman tvisvar á ári og hefur gengt veigamiklu hlutverki við þróun og rekstur verkefnisins. Árlega stendur verkefnið fyrir ársfundi þar sem gögn þess eru hagnýtt til umfjöllunar um mál sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. Ársfundur ársins 2022 fjallaði um loftslagsmál og orkuskipti. Frummælendur á fundinum voru Alma Stefánsdóttir hjá Landsvirkjun sem fjallaði um Koldís gegn losun kolefnis, Ívar Kristinn Jasonarson hjá Landsvirkjun sem var með erindi um loftslagsbókhaldbólund Landsvirkjunar, Engilræð Ósk Haraldsdóttir hjá Landsneti sem ræddi um loftslagsmál hjá Landsneti og Eygerður Margrétardóttir hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fjallaði um loftslagsmál á vettvangi sveitarfélaga. Þarna voru einnig Sigurborg Ósk Haraldsdóttir sem ræddi um skipulagsáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í lofslagsmálum og Dóra Björk Þrándardóttir hjá Landsvirkjun sem var með erindi um græna iðngarða á Íslandi.

Árbók Þingeyinga

Samkvæmt samningi við sveitarfélagið Norðurþing sér Þekkingarnet Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélagið er víðfeðmt og nær yfir gömlu hreppana Reykjahrepp, Kelduneshrepp, Öxarfjarðahrepp og Raufarhafnarhrepp og Húsavík. Leitast er við að afla gagna sem víðast úr sveitarfélaginu bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins innan Norðurþings komi fram. Gagnaöflunin nær til skólustarfs, menningarstarfsemi, íþrótt- og tómstundastarfs, sjávarútvegs, landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

Hamingja íbúa Skútustaðahrepps

Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit er íbúakönnun sem Þekkingarnetið hefur framvæmt fjórum sinnum fyrir Skútustaðahrepp í þeim tilgangi að kanna hamingju og vellíðan íbúa til hagnýtrar ákvarðanatöku sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, þ.e. að ákvarðanir innan stjórnsýslu sveitarfélagsins séu teknar með það að leiðarljósi að auka hamingju og vellíðan íbúa.

North Quake 2022

Fjórða alþjóðlega ráðstefnan um jarðskjálfta á Norðurlandi var haldin á Húsavík á árinu. Þekkingarnet Þingeyinga hafði umsjón með framkvæmd hennar og tók saman og gaf út rit með ágripum allra erinda sem flutt voru á henni.

ÞRÓUNAR- OG RANNSÓKNAVERKEFNI Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Erlend samstarfsverkefni eru vaxandi hluti starfsemi Þekkingarnetsins og hefur stofnunin tekið þátt í allmörgum slíkum verkefnum. Oftast er um að ræða rannsókn- og/eða þróunarverkefni á fagsviðum Þekkingarnetsins þar sem fjármögnun fer fram í gegnum samkeppnissjóði á evrópskum eða norrænum grunni. Erlend samstarfsverkefni árið 2022 voru eftirfarandi:



NICHE

NICHE verkefnið hófst 2020 og lauk í árslok 2022. Það var styrkt af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þekkingarnetið sótti um styrkinn fyrir hönd hópsins og var verkefnisstjóri þess. Samstarfsaðili á Íslandi var Nýheimar Þekkingarsetur á Höfn í Hornafirði og aðrar stofnanir verkefnisins voru í Belgíu, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð. Á ensku heitir verkefnið NICHE – Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship sem á íslensku mætti þýða sem varðveisla óáþreifanlegs menningararfs í frumkvöðlastarfi. Verkefnið miðaði að því að efla frumkvöðlastarf í menningargeiranum með því að leggja aukna áherslu á óáþreifanlegan menningararf og þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun um efnið. Markhópurinn var núverandi og tilvonandi fagfólk í greininni. Heimasíða verkefnisins er: www.nicheproject.eu og fræðsluefnið má finna undir https://www.nicheproject.eu/trainings_is.php?lang=IS



Haustið 2020 hófst vinna við Erasmus+ samstarfsverkefni á sviði fullorðinsfræðslu sem kallast Stafræn samfélög en enska heitið er Digital skills and competences of local communities in rural areas. Verkefnið var unnið í samstarfi við sex stofnanir í fimm Evrópulöndum, þ.e. Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi en þátttakendur frá Íslandi voru tveir, Nýheimar Þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga. Nýheimar Þekkingarsetur sóttu um verkefnið fyrir hönd hópsins og sáu um verkefnastjórn þess. Verkefninu lauk í lok árs 2022. Það snéri að því að styðja við stafræna færni íbúa í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Áhersla var lögð á þróun fræðsluefnis um stafræna þjónustu og þjálfun eldri borgara í þessu samhengi. Heimasíða verkefnisins er: www.digital-communities.eu og fræðsluefnið má finna undir: <https://www.digital-communities.eu/virtual/Stafræn-kennsla.html>.



Þekkingarnet Þingeyinga tók þátt í Erasmus+ verkefninu DEAL sem styrkt var af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. DEAL – Digital Entrepreneurship for Adult Learners miðaði að því að þróa nýstárlegar aðferðir í kennslu og þjálfun, efla frumkvöðlastarf í dreifðum byggðum með því að leggja aukna áherslu á stafræna nálgun. Markhópurinn var fullorðið fólk með litla menntun. DEAL verkefnið var tveggja ára verkefni sem lauk haustið 2022. Þátttakendur í verkefninu voru sjö talsins frá fimm Evrópulöndum (Belgíu, Íslandi, Írland, Ítalía og Spáni). Fræðsluefni verkefnisins og frekari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins: www.projectdeal.eu og undir: https://www.projectdeal.eu/trainings_is.php?lang=IS



Þekkingarnet Þingeyinga, ásamt sjö samstarfsaðilum frá sex Evrópulöndum vinnur að samstarfsverkefninu SPECIAL en það stendur fyrir *Supporting and Promoting EntreComp through Innovative Advanced Learning*. SPECIAL er styrkt af Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar.

SPECIAL miðar að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu (NEET). Markmiðið er að styðja þau til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði, en verkefnið á sérstaklega vel við núna vegna þeirra áhrifa sem Covid19 hefur haft á samfélagið. Í SPECIAL munu samstarfsaðilarnir þróa og prufukeyra þjálfunaráætlanir en markmiðið er að þær séu sveigjanlegar og sniðnar að þörfum markhópsins. Þekkingarnet Þingeyinga fer með verkefnastjórn í þessu verkefni og kemur hugmyndin út frá vinnu við opnun Fab Lab Húsavík og þau tækifæri sem skapast þar. Heimasíða verkefnisins er: <https://projectspecial.eu>.



Árið 2021 varð Þekkingarnetið aðili að First Network en það eru alþjóðleg samtök símenntunarmiðstöðva og rannsóknarsetra. Markmið samtakana er að styrkja og auka samvinnu samtaka og sjálfseignastofnana á sviði fullorðinsfræðslu til að starfa á alþjóðavettvangi, auka nýsköpunarhæfni og getu til að laga sig að breytingum í nútíma heimi. Heimasíða samtakanna er: <https://first-network.eu/en/>

Í tenglum við First Network verkefnið hóf Þekkingarnetið samstarf í tveggja ára Evrópuverkefni sem kallast: "European NETWORKING as a method for further training and exchange of ideas in the lifelong learning sector" „Evrópskt NET sem aðferð til frekari þekkingar og til að skiptast á hugmyndum í símenntunargeiranum“ [EU-NET]. Heildarmarkmið EU-NET verkefnisins er að styðja við tengslanet á evrópskum vettvangi sjálfseignastofnana og samtaka sem starfa í símenntunargeiranum. Samstarfsaðilar stefna á að hanna, þróa leiðbeiningar um tækifæri í evrópskum samstarfsverkefnum fyrir stofnanir og samtök í símenntun.



Fjármagnað af
Evrópusambandinu

Þekkingarnet Þingeyinga hefur fengið aðild að Erasmus+ aðild í Nám og þjálfun sem lögaðilar og stofnanir sem sinna fullorðinsfræðslu geta sótt um. Um er að ræða styrki til starfsþjálfunar með námsheimsóknnum, á vinnustaði, í starfsspeglun (job-shadowing) eða til að taka þátt í náms- og þjálfunarferðum. Erasmus+ er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta- æskulýðs- og íþróttamál. Starfsmenn sóttu námskeið á árinu m.a. um teymisvinnu og stafræna tækni í kennslu.

YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2022

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
<u>SPECIAL</u> Supporting NEETs through EntreComp and LifeComp	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Rúmeníu, Svíþjóð, Spáni, Ítalíu, Íslandi og Belgíu.	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
<u>NICHE</u> Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship	Erasmus + Verkefnisstjórn, gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Spáni og Svíþjóð	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
<u>DEAL</u> Digital Entrepreneurship for Adult Learners	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi, Írlandi, Ítalíu og Spáni	AD, HVG, IB, LBR, HÓ
<u>Stafræn samfélög.</u> Digital Skills and Competences of Local Communities in Rural Areas	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
<u>EU NET</u>	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Póllandi, Ungverjalandi, Spáni, Ítalíu og Portúgal	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
VALOR Value Creation in Rural Communities	NORA Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Færeyjum, Noregi, Íslandi og Grænlandi	AD, IB, HVG, LBR, HÓ
Nám og þjálfun Accredited projects for mobility of learners and staff in adult education	Erasmus+ Starfsþjálfun starfsfólks	Samstarfsaðilar í fullorðinsfræðslu í einu af þátttökulöndum Erasmus+ áætlunarinnar	Allir starfsmenn
<u>North Quake 2022. The 4th International Workshop on Earthquakes in North Iceland</u>	Ráðstefnurit	KAUST, HÍ, Veðurstofa Íslands	HEI

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
<u>Þingeyjarsýslur í tölum</u>	Samantekt helstu hagtalna í Þingeyjarsýslum undanfarin ár	VMST	LBR OG EÁE
<u>Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum 2013-2022</u>	Upplýsingar um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslu		HEI
Hamingja og vellíðan í Mývatnssveit	Íbúakönnun fyrir Skútustaðahrepp	Skútustaðahreppur	LBR



Bekkingarnet
Þingeyinga

Óli Halldórsson

Forstöðumaður
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,
Framhaldsskólakennari



Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Mikley
MA og BA í myndlist
Kennslufræði



Egill Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík
Prófyfirseta ofl.



Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi
MA náms- og starfsráðgj, BA félagsráðgjöf
Dipl. starfsendurhæfing



Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgreiðsla
Skólaritari frá Ví



Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BEd kennari



Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
BEd kennari,
MPA í opinberri stjórnsýslu



Huld Hafliðadóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í félagsfræði



Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í félagsráðgjöf



Ingibjörg Benediktssdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði
BA í nútímafræðum



Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði
MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafr.
Cand.Oecon Viðskiptafræði



Álfrún Marey

Sumarnemi



Náttúrustofa
Norðausturlands

Porkell Lindberg Þórarinnsson

Forstöðumaður
Dýravitfræðingur (M.Sc)



Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Sérfræðingur
Líffræðingur (M.Sc.) og kennari



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir

Sérfræðingur
Líffræðingur (B.Sc.)



Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

Sérfræðingur
Líffræðingur (M.Sc.)



Yann Kolbeinsson

Sérfræðingur
Líffræðingur (B.Sc)



Brynjólfur Brynjólfsson

Sérfræðingur
Líffræðingur (B.Sc)




Bergþóra Kristjánsdóttir

Sumarstarfsmaður
Líffræðingur (B.Sc)



Viktor Freyr Aðalsteinsson

Sumarstarfsmaður
Líffræðinemi



Hraðið
miðstöð
nýsköpunar

Stefán Pétur Sólveigarson

Verkefnisstjóri Hraðsins
BA vöruhönnun



Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Deildarstjóri




Reinhard Reynisson

Byggðastofnun
Sérfræðingur



Valgeir Sigurðsson

Össur
Kerfisstjóri



Rhys J. Martin

Arctic Coast
Sérfræðingur




Arnór Aðalsteinn Ragnarsson

Hugsmiðjan
Forritari




Elísa B. Elmarsdóttir

Fiskeldi Austfjarða
Fjármál



Daníel Purkhús

AviLabs
Kerfisfræðingur



Dögg Stefánsdóttir

DH lausnir
Ílfspjálfi



Bjarki Baldvinsson

Five degrees
Tölvunarfræðingur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Marianne H. Rasmussen

Forstöðumaður
PhD sjávarspendýrafr. Cand.Sc líffræði




Charla Jean Basran

Verkefnisstjóri
PhD sjávarlíffræði,
MRM stjórnun hafsvæða, BS líffræði




Egill Aðalgeir Bjarnason

Verkefnisstjóri



Maria Glarou

Rannsóknaverkefni um líkamsástand hvala
PhD nemi sjávarspendýrafræði



Olli Loisa

Arcpath ranns.verkefni um loftslagsbr.
PhD nemi sjávarlíffræði




Tatiana Marchon

Rannsóknaverkefni um háhyrninga
PhD nemi í sjávarspendýrafræði



Tom Grove

Cortisol mælingar á útblæstri hvala
PhD nemi sjávarspendýrafræði



SSNE
Skipti og vörslu á sjávarspendýrum
Háskóla Íslands

Albertína F. Elíasdóttir

Framkvæmdastjóri



Ari Páll Pálsson

Verkefnastjóri



Hildur Halldórsdóttir

Verkefnastjóri



Kristín Helga Schiöth

Verkefnastjóri



Smári Jónas Lúðvíksson


Verkefnastjóri



THE HÚSAVÍK
WHALE
MUSEUM

Eva Björk Káradóttir

Framkvæmdastjóri



Heiðar Hrafn Halldórsson

Verkefnastjóri



Garðar Þróstur Einarsson

Hvalafræðingur



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi nema í símenntun og háskólaflarnámi innan veggja Bekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí tíma